

## AUGLÝSING

### um innflutningskvóta.

Með skirskotun til 3. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. hefur ríkisstjórnin í samráði við Seðlabankann ákveðið eftirfarandi innflutningskvóta fyrir árið 1968:

Toll- skrárn.	Vörutegund	Innflutnings- kvóti 1968
09.01.11	Brennt kaffi .....	kr. 3 000 000
20.04.00	Ávextir, ávaxtahýði, plöntuhlutar, varið skemmdum með sykri .....	— 4 000 000
44.18.00	Gervitrjáviður úr spónum o. s. frv. þó ekki plasthúðaðar plötur .....	— 14 000 000
48 09.00	Byggingarplötur úr viðartrefjum eða öðrum jurtatrefjum, einnig límdar með náttúrlegum harpax .....	— 13 000 000
60.03.01	Heilsokkar kvenna úr silki eða gervibráðum .....	— 20 000 000
85.01.00	Spennar (transformatorar) þó ekki spennar fyrir fluorescentljós .....	— 6 000 000
93.07.29	Vopn og skotfæri og hlutar til þeirra, þó ekki línubyssur, hvalveiðibyssur og skutlar og skot á hvalveiðibyssur og línubyssur .....	— 6 000 000
94.01.00		
94.03.00		
94.04.00	Húsgögn og hlutar til þeirra, rúmbotnar, dýnur, púðar og þess háttar stoppaður húsbúnaður, þó ekki eldhúsinnréttingar til múr- og naglfestingar, sæti í bifreiðar og aðrar vörur, sem eru á frílista .....	— 20 000 000
96.01.00		
96.02.09		
96.04.00	Burstagerðarvörur, þó ekki burstar, sem eru hlutar af vélum, málningarrúllur, gúmmíþvögur á skafti, skaftþvögur, tannburstar, listmálunarpenslar .....	— 2 500 000
99.01.00		
99.06.00	Listaverk, safnmunir, forngripir .....	— 1 000 000
	Vörur, sem falla undir önnur tollnúmer og ekki er frjáls innflutningur á .....	— 1 000 000
		Kr. 90 500 000
59.04.01	Færi og línur til fiskveiða .....	80 tonn
59.04.02	Kaðlar, þó ekki grastóg og virmanilla .....	400 tonn

Umsóknir um fyrstu úthlutun ársins skulu hafa borizt Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands fyrir 15. febrúar 1968.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 9. janúar 1968.*

Gylfi Þ. Gíslason.

*Þórhallur Ásgeirsson.*